

Said gegn Hollandi

Dómur frá 5. júlí 2005

Mál nr.2345/02

3. gr. Bann við pyndingum

2. gr. Réttur til lífs

Umsókn um hæli. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, Mahmoud Mohammed Said, er eritrískur ríkisborgari, fæddur 1967 og dvelur í Hollandi. Þann 8. maí 2001 kom hann til Hollands og sótti um pólitískt hæli þann 21. maí 2001 í flóttamannamiðstöð á Schiphol flugvelli. Hann hélt því fram að hann hefði starfað sem hermaður í heimalandi sínu og barist í stríðinu við Eþíópíu. Þrátt fyrir að stríðinu hafi lokið 13. júní 2000, þá hafi hersveitir Eritríu ekki verið leystar upp strax vegna þess að stjórnvöld hafi óttast frekari átök milli þjóðanna.

Samkvæmt frásögn kæranda var fundur haldinn í ágúst 2000 með herfylki hans, þar sem yfirmenn hans héldu því fram að hermennirnir hefðu ekki staðið sig í bardögum. Kærandi tók þá til máls og kvartaði yfir því að hermennirnir væru svangir, þyrstir og þreyttir. Þá sagði hann að það þyrfti annað hvort að styrkja herfylkið eða að leggja það niður. Aðrir hermenn studdu hann á fundinum og deilur risu milli hermanna og yfirmanna þeirra.

Eftir fundinn, fannst kæranda hann vera undir sérstöku eftirliti yfirmanna og að honum væri fylgt eftir. Þann 5. desember 2000 var hann borinn sökum um að hafa hvatt hermennina til uppreisnar, honum var gert að skila vopnum og var honum haldið föngum í neðanjarðarbyrgi í um fimm mánuði. Hann var hvorki yfirheyrður, ákærður né leiddur fyrir rétt. 20. apríl 2001 hafi hann verið settur í jeppabífið með ökuðum og vopnuðum verði. Hann hafi hvorki verið handjarnaður né bundinn. Á leið sinni óku þeir framhjá bíl í eigu hersins sem hafði lent í slysi. Bæði ökumaðurinn og vörðurinn fóru út úr jeppanum til aðstoðar og skildu kæranda einan eftir, og hafi honum þá tekist að flýja. Hann hafi þá komist til Súdan og eftir að hafa ferðast um nokkur önnur lönd, komst hann loks til Breda í Hollandi.

Þann 23. maí 2001, var umsókn kæranda um pólitískt hæli hafnað af hollenska dómsmálaráðuneytinu. Ástæður þessa voru þær að hann gat ekki sýnt fram á nein skilríki eða önnur gögn sem gætu staðfest hver hann væri, hvaðan hann væri eða hvert hann hafi ferðast á leið sinni til Hollands. Einnig hafði það áhrif á niðurstöðuna að saga hans um flóttann þótti mjög ótrúverðug. Kærandinn áfrýjaði málinu án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ef hann yrði sendur aftur til heimalands síns yrði hann í mikilli hættu á að vera annað hvort tekinn af lífi, pyndaður eða látinn þola aðra ómannlega eða vanvirðandi meðferð. Byggði hann á 2. gr. og 3. gr. sáttmálans

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn leit til þess að yfirlýsingar kæranda höfðu verið stöðugar og að hann hafði lagt fram upplýsingar til að hrekja ásakanir yfirvalda um að frásagnir hans væru ótrúverðugar. Sérfræðingur hjá Amnesty International í Hollandi hafði einnig rennt stöðum undir hluta af frásögn kæranda. Jafnvel þó að þau gögn sem lögð voru fram hafi verið almenns eðlis, þá taldi dómstóllinn að erfitt væri að gera meiri kröfur til kæranda í þeim efnum.

Dómstóllinn tók einnig fram að kærandi hafði sótt um pólitískt hæli í Hollandi í maí 2001, u.þ.b. einu ári áður en afvopnun hersins byrjaði, sem þótti benda til þess að hann væri liðhlaupi. Þrátt fyrir að stríðinu hefði lokið í júní 2000 þá bentu gögn sem dómstóllinn hafði undir höndum til þess að eritríski herinn hefði ekki afvopnast fljótt. Skýrsla um framkvæmd mannréttindamála í Eritreu, sem

gefin var út af bandaríska utanríkisráðuneytinu þann 28. febrúar 2005, skýrði frá aðgerðum eritrískra til að hafa uppi á liðhlaupum. Í ljósi þessara aðstæðna taldi dómstóllinn líklegt að kærandinn væri liðhlaupi jafnvel þótt frásögn hans af því hvernig hann flúði herinn þætti ótrúleg.

Þá átti eftir að skera úr því hvort að kærandi væri í hættu á að þurfa að þola slæma meðferð yrði hann sendur heim. Tók dómstóllinn m.a. tillit til skýrsla frá Amnesty International þar sem kom fram að liðhlaupar í Eritríu hefðu þurft að þola einangrun, væru bundnir í sársaukafullum stellingum og jafnvel látnir liggja í sólinni í langan tíma í miklum hita. Meðferð sem þessa taldi dómstóllinn óyggjandi falla undir ómannlega meðferð. Skýrsla frá utanríkisráðuneyti Hollands studdi einnig að liðhlaupar í Eritreu hefðu hlotið slæma meðferð. Kærandinn hélt því fram að hann verið handtekinn og honum haldið föngum af eritrískum yfirvöldum, eftir að hann tók til máls á fundinum, og að hann væri þekktur af þeim. Einnig var talið að eritrísk yfirvöld héldu skrá yfir liðhlaupa.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að nægilegar líkur hefðu verið leiddar að því kærandi yrði í mikilli hættu á verða látinn þola pyndingar eða ómannlega og vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Um 2. gr.: Þar sem dómstóllinn taldi brottvísun kæranda úr landi brjóta gegn réttindum hans samkvæmt 3. gr. var ekki talin ástæða til að fjalla frekar um 2. gr. sáttmálans.

Tveir dómarar skiluðu séráliti